

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnamóttakan Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	2.4.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Efnamóttakan	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Gufunesvegi	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6912982729	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Grétar Viðar Grétarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	51.57.02
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Steingrímsson	<b>Staðsetning</b>	363053,302 408634,682

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Á fundum (auk fundar í eftirliti, samráðsfundur 4.12.sl) með rekstraraðila má merkja verulegan áhuga á faglegri meðhöndlun spilliefna. Slíkt er afar jákvætt. Fagleg spilliefnaúrvinnsla á Íslandi er dýr þar sem "markaðurinn" er afar smár, svo ekki er um auðvelt viðfangsefni að ræða. Rekstraraðili vinnur að því að fá umhverfisstjórnunarkerfi sitt vottað. Gagnaskil til Umhverfisstofnunar hafa verið góð. Niðurstöður úr mælingum á vatni úr safnþró voru í lagi. Engin frávik voru staðfest í eftirlitinu en gerð er ein athugasemd er varðar meðhöndlun flúrpera.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit hjá Efnamóttökunni fer fram einu sinni á ári.

Eftirlitið hófst á fundi. Fjallað var um eftirfarandi:

1. Innra eftirlit, gæðamarkmið, skráningar og hvernig þær eru framkvæmdar sem hluti af innra eftirliti.
2. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.
3. Mengunarvarnir/frárennsli.
4. Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfi.
5. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu og kvartanir óhöpp eða p.h.
6. Meðhöndlun raf- og rafeindatækja.
7. Meðhöndlun spilliefna, m.a. meðhöndlun olíusía

Að fundi loknum fór fram skoðun á aðstöðu og mengunarvörnum. Í kjölfar eftirlitsins vöknudu spurningar um meðhöndlun flúrpera og var fyrirspurn þess efnis send rekstraraðila 16.5.sl. Auk ofanefndra tóku Ólöf Vilbergsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Elías Ólafsson stjórnarformaður Efnamóttökunnar, þátt í eftirlitinu.

## ATHUGASEMDIR

Þann 16.5.sl. sendi Umhverfisstofnun fyrirspurn varðandi úrvinnslu flúrpera og virkni tækis sem meðhöndlar þær og barst svar rekstraraðila þann 6.8.sl.

## ANNAÐ

Farið var yfir 1. og 2. lið II. viðauka í reglugerð nr. 1104/2008 um sérmeðhöndlun efniviðar og íhluta raf- og rafeindatækja, með forsvarsmönnum Efnamóttökunnar og kom eftirfarandi fram:

- 1a. Spennar með PCB mengaðri olíu eru nánast hættir að koma, áður fyrr var olíu tappað af og flutt til meðhöndlunar (brennsla/ útflutningur). Til staðar er verkferill um hvernig þessi tegund skuli meðhöndluð.
- 1b. Eru með farveg fyrir tæki sem innihalda kvikasilfur. Lækningatæki eru skoðuð sérstaklega. Flúorperur fara í sérmeðhöndlun – eru hakkaðar og loftsía/kol notuð til að sía kvikasilfur frá, eru með stærri vél, kvikasilfur fer til dk, flúoryki er safnað saman.
- 1c. Rafhlöður eru fjarlægðar úr raftækjum, eins og kostur er. Þær eru allar sendar erlendis í endurvinnslu
- 1.d Fjarlægja prentplötur úr tölvum, farsímar fara ómeðhöndlaðar til endurvinnsluaðila
- 1.e Blekhylki (bæði duft- og prenthylki) eru fjarlægð og fara í endurnýtingarfarveg
- 1.f Plast af raftækjum fer með raftækjaúrgangi til endurvinnslu erlendis.
1. g Asbestúrgangnur kemur ekki inn í neinu magni
- 1.h. Ráðstafa skjám til endurvinnsluaðila sem er með aðstöðu til að meðhöndla skjái og bakskautslampa.
- 1.i Tappa kælimiðlum af öllum kælikápum, taka pressur af og loka fyrir, skápar pressaðir undir loftsogi og freon sogað í gegnum kolasíu – Kælimiðlar fluttir út til brennslu. Kælitæki eru flutt út til endurvinnslu.
- 1.j. Flúorperur -eru hakkaðar og loftsía/kol notuð til að sía kvikasilfur frá, kvikasilfur fer til dk, flúoryki er safnað saman.
- 1.k. vökvakristalsskjáir – ráðstafa til endurvinnsluaðila
- 1.l Utanáliggjandi rafleiðslur eru fjarlægðar þar sem það er hægt en almennt ekki – fer í endurvinnslu með öðrum raftækjum.
1. m Íhlutir sem innihalda eldfastar keramiktréffjar koma ekki inn neinu marki
- 1.n geislavirk efni – koma ekki inn að neinu marki.
1. o Fjarlægja skal rafkleyfa þetta sem innihalda skaðleg efni. Litið kemur inn af raftækjum sem innihalda þess konar þetta – á ekki við.

2a. Bakskautslampar fara til vinnslu hjá endurvinnsluaðila

2b. Ósoneyðandi efni eru fjarlægð með þar til gerðum búnaði og send til endurvinnslu.

Reykjavík, 10.06.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.